

# Á VARPID

Fréttabréf Ungra vinstri grænna, haust 2009



## BOÐAÐ TIL LANDSFUNDAR UVG

Hér með er boðað til landsfundar Ungra vinstri grænna, sem haldinn verður á Hvolsvelli 25.-27. september 2009.

Sem félagi í UVG hefur þú atkvæðisrétt, en aðrir velunnarar UVG eru líka hjartanlega velkomnir. Skráning fer fram í gegnum netfangið [uvg@vinstri.is](mailto:uvg@vinstri.is) eða í síma 8475601 (Steinunn). Ekki er nauðsynlegt að skrá sig fyrir fundinn en það er æskilegt til að hjálpa uppá skipulagið, sérstaklega til að skipuleggja faramáta. Dagskrá og frekari upplýsingar má finna inní blaðinu eða á [www.vinstri.is](http://www.vinstri.is)

# LANDSFUNDARFERÐ UVG Á HVOLSVÖLL 25.-27. SEPT.

Athugið – praktísk atriði!

**GISTING:** Á landsfundarstaðnum Hvoli á Hvolsvelli er svefnpokapláss, eldhúsaðstaða og sundlaug. Landsfundargestir þurfa sjálfir að koma með dýnu og svefnpoka með sér. Verslun og veitingastaðir eru í nágrenninu, en við hvetjum landsfundargesti til að kynna sér opnunartíma eða mæta með nauðsynjar.

**FERÐIR:** Landsfundargestir eru beðnir um að geta þess við skráningu á landsfund – sem fram fer í gegnum netfangið [uvg@vinstri.is](mailto:uvg@vinstri.is) og í síma 8475601 (Steinunn) – hvort að viðkomandi fer á einkabíl eða vantar far og hvaðan hann kemur. Ef þörf krefur pantar UVG rútu fyrir fundargesti en raðar annars í fólkubíla. Ung vinstri græn munu eftir bestu getu veita bensínstyrki til þeirra sem koma langt að þar sem að fjárhagur ætti ekki að standa í vegi fyrir að félagar í UVG taki þátt í landsfundi.

**LANDSFUNDARGJALD:** UVG verða að innheimta landsfundargjald til að standa straum af húsaleigu, en það er að þessu sinni afar vægt eða 2000 kr (niðurfelling landsfundargjalds í formi bensínstyrks kemur til greina fyrir þau sem koma langt að).



ÁVARPIÐ - FRÉTTABRÉF UNGRA VINSTRI GRÆNNA, HAUST 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Steinunn Rögnvaldsdóttir. Umbrot: Andrés Rúnar Ingason.

Prentun Hjá Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja.

Prentað í 1.800 eintökum og dreift til allra félaga í UVG.

# DAGSKRÁ LANDSFUNDAR UVG

## Laugardagur

- 10:30 - Landsfundur hefst  
Starfsmenn fundar kosnir og fundargögnum dreift
- 10:45 - Ávarp fráfarandi formanns
- 11:00 - Skýrsla stjórnar fyrir síðasta starfsár kynnt  
- umræður um skýrslu stjórnar
- 11:30 - Samþykkt ársreikninga
- 11:45 - Kynning á drögum að lagabreytingum, fyrirleggjandi  
ályktunum og endurskoðaðri stefnuyfirlýsingu
- 12:30 - Matarhlé
- 13:15 - Hópastarf
- 14:00 - Pallborð
- 15:00 - Kaffihlé
- 15:20 - Almennar stjórn málaumræður
- 16:20 - Afgreiðsla lagabreytinga
- 17:00 - Fundi frestað til morguns
- 18:15 - Sameiginlegur kvöldverður og landsfundargleði

## Sunnudagur

- 12:30 - Landsfundur hefst að nýju með afgreiðslu stefnuyfirlýsingar  
og ályktana.
- 14:30 - Kosning stjórnar
- 15:15 - Ávarp nýs formanns
- 15:30 - Landsfundarslit

### Tillögur, lagabreytingar og framboð til stjórnar!

Fundarmenn eru beðnir um að veita því athygli að frestur til að bera fram laga-breytingar er skv. lögum hreyfingarinnar 7 dögum fyrir landsfund. Hægt er að skila inn tillögum að lagabreytingum í gegnum netfangið [uvg@vinstri.is](mailto:uvg@vinstri.is).

Frestur til að skila inn ályktunum er á sjálfum fundinum og sömuleiðis frestur til að tilkynna framboð til stjórnar.

# ÁVARP

Kæru félagar!

„Megir þú lifa á áhugaverðum tímum“ segir gamalt máltæki. Við sem lifðum seinasta ár af getum ekki annað en þakkað pent fyrir heillaóskina. Eftir trylltan vetur tók við viðburðaríkt sumar. Fólk fékk varla að sleikja sólina í friði fyrir IceSave reikningum og ESB-þrætum á meðan að lengsta sumarþing á Íslandi frá upphafi rann sitt skeið. Þó gafst friður til að grilla á kvöldin – en það voru færri sem græddu á daginn.

Fyrir tæpu ári fékk heilt þjóðfélag svo mikinn skell að fólk stóð vankað eftir og velti fyrir sér hvort að einhver banki á skerinu yrði ennþá starfandi eftir helgi. Í byrjun október síðastliðinn héldu Ung vinstri græn vel heppnaðan landsfund, en á sama tíma og UVG rökræddu, ályktuðu og skemmtu sér, sátu bankamenn sólarhringunum saman á neyðarfundum í fyrirtækjunum sem einu sinni voru álitin þeirra. Daginn eftir landsfund UVG féll Glitnir.

Við tóku mánuðir dofans og kraumandi reiði sem að náði hápunkti sínum í janúar þegar að nokkur þúsund



manns beittu pólitískum þrýstingi sem splundraði ríkisstjórninni og kom hægrimönnum frá völdum eftir 18 ára valdasetu. Vinstri græn áttu í fyrsta sinn sæti í ríkisstjórn og voru um leið komin í harða kosningabaráttu. Kosningarnar voru sigur fyrir Vinstri græn sem aldrei áður hafa náð viðlíka kjörfylgi. En það er enginn dans á rósum að reyna að byggja upp gott samfélag þegar þarf að vaða frjálshyggjuskít upp fyrir herðablöð.

Við tókum þetta samt að okkur. Við gerðum það því við trúum því að það væri miklu verra ef þeir sem komu okkur á kaldan klaka sætu enn á valdastólum sínum. Við trúum á aðra forgangsröðun en þeirra, þá forgangsröðun sem hjálpar þeim sem mest þurfa á því að halda. Þannig byggjum við upp betra og réttlátara samfélag.

Auðvitað stendur VG sig ekki alltaf vel. En þá þarf að berjast fyrir úrbótum á uppbyggjandi hátt. Til að hafa áhrif verðum við að taka slaginn, gagnrýna samflokksmenn okkar, benda á betri leiðir og bjóðast til að hjálpa. Ekki sitja heima í sófa og væla á fésbók eða bloggum hvað allir og allt sé ömurlegt. Stöndum upp! Tökum þátt! Ekki gefast upp og setjast í sófann. Við breytum engu þannig.



Þú lifir á áhugaverðum tímum – en það er fólk sem breytir sögunni, sem skapar það samfélag sem við búum í. Vert þú í hópi þessa fólks. Við bjóðum þig velkominn/ velkomna á landsfund Ungra vinstri grænna haustið 2009.



Steinunn Rögnvaldsdóttir  
Formaður UVG



[WWW.VINSTRI.IS](http://WWW.VINSTRI.IS)

# STJÓRN

Formaður:

Steinunn Rögnvaldsdóttir

Steinunn er 23ja ára Norðlendingur, sem býr og starfar í Reykjavík. Hún er útskrifuð úr Háskóla Íslands með BA í félagsfræði með táknmálsfræði sem aukafag.



Varaformaður:

Jan Eric Jessen

Janni er 21 árs gamall Akureyringur með þýskar rætur. Hann leggur stund á nám í líffræði við Háskóla Íslands.



Ritari:

Þórhildur Halla Jónsdóttir

Þórhildur er 22ja ára róttæklingur með BA gráðu í heimsspeki. Hún er frá Skagafirði en heldur sig yfirleitt í miðbæ Reykjavíkur.



Gjaldkeri:

Erlendur Jónsson

Erlendur er 26 ára gamall efnafræðingur úr Kópavogi. Hann stundar nú doktorsnám í Gautaborg í Svíþjóð.



Meðstjórnandi:

Andrés Rúnar Ingason

Andrés er þrítugur Selfyssingur og tveggja barna faðir. Hann leggur stund á sagnfræði- og heimspekinám við Háskóla Íslands.



Meðstjórnandi:

Bjarni Þóroddsson

Bjarni er 18 ára Akureyringur og stundar nám við Menntaskólann á Akureyri.



# UVG

**Meðstjórnandi:**

**Guðrún Axfjörð Elínardóttir**

Guðrún er 24ra ára nemi, móðir og Stígamótakona. Rætur hennar liggja á Ströndum og í Landeyjum en hún býr nú í Reykjavík og stundar nám við Menntaskólann hraðbraut.



**Meðstjórnandi:**

**Katrín Pálmadóttir**

Katrín er 18 ára framhaldsskólanemi úr Reykjavík með tímabundið hæli í Svíþjóð.



**Meðstjórnandi:**

**Tómas Gabríel Benjámín**

Tómas er 22ja ára Reykvikvingur. Tómas leggur stund á heimspeki við Háskóla Íslands á meðan sólin skín en þegar skyggja tekur æfir hann framandi bardagaíþróttir af kappi.



**Varamaður:**

**Sveinn Harðarson**

Sveinn er þrítugur Sunnlendingur og sölumaður hjá BT.



**Varamaður:**

**Pórir Ingvarsson**

Pórir er 20 ára nemi við Kvinnaskólann í Reykjavík og tækniamaður hjá Ríkisútvarpinu.



**Varamaður:**

**Þórunn Rögnvaldsdóttir**

Þórunn er 19 ára Skagfirðingur, nýútskrifuð úr Menntaskólanum á Akureyri og hefur nú í haust nám við Söngskólann í Reykjavík.



# AÐALFUNDUR UVGH Í REYKJAVÍK 19. SEPTEMBER

Aðalfundur Ungra Vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu verður laugardaginn 19. september næstkomandi. Fundur hefst kl. 17 í húsnæði flokksins við Suðurgötu 3.

Dagskrá fundarins verður þessi:

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Framkomnar tillögur að ályktunum og lagabreytingum kynntar.
4. Skýrsla stjórnar/ræða formanns Ungra vinstri-grænna á höfuðborgarsvæðinu
5. Önnur mál.  
-Kaffihlé-
6. Kosið um lagabreytingatillögur.
7. Afgreiðsla ályktana.
8. Kosning stjórnar.

Framboð til stjórnar skal senda til Brynju á netfangið [brynjabh@gmail.com](mailto:brynjabh@gmail.com).

Stjórn UVG-H

## NÝLIÐAKVÖLD 16. SEPTEMBER

Ung Vinstri græn á höfuðborgarsvæðinu standa fyrir nýliðakvöldi miðvikudagskvöldið 16. september á Suðurgötu 3.

Ásmundur Einar Daðason, yngsti þingmaður landsins, verður sérstakur gestur og Svavar Knútur tekur nokkur lög.

Kvöldið hefst kl. 20. Heitt á könnunni og veitingar á boðstólum.

**Allir velkomnir!**

